

## Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2023, fimmtudaginn 2. nóvember var 65. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.03. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Hallgrímur Eymundsson, Lilja Sveinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon og Björgvin Björgvinsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Anna Kristín Jensdóttir og Hanna Björk Kristinsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Bryndís Snæbjörnsdóttir og Rúnar Ingi Guðjónsson. Tómas Ingi Adólfsson ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á framkvæmdum í Hólabrekkuskóla.

Ásta Camilla Gylfadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS23100129

2. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 9. október 2023, með ósk um umsögn um skýrslu um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. Jafnframt er lögð fram umsögn aðgengis- og samráðsnefndar til samþykktar. SFS22090172  
Samþykkt.

3. Fram fer kynning á endurnýjun gönguljósa í Reykjavík.

Samþykkt að fela starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að taka saman ábendingar frá aðgengis- og samráðsnefnd yfir staðsetningar á gönguljósum þar sem mest þörf er á að endurnýja búnað með hliðsjón af ólíkum aðgengisþörfum.

Nils Schwarzkopp tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS23100130

4. Fram fer umræða um upplýsingar á vef borgarinnar um aðgengismál í sundlaugum. MSS23100208

Samþykkt að fela starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að vinna drög að erindi um málið til menningar- og íþróttasviðs í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd.

### Fundi slitið kl. 11.26

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Björgvin Björgvinsson  
Anna Kristín Jensdóttir  
Unnur Þöll Benediktsdóttir  
Þorkell Sigurlaugsson

Lilja Sveinsdóttir  
Ingólfur Már Magnússon  
Hanna Björk Kristinsdóttir  
Hallgrímur Eymundsson